

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1989

17. mars 1989

263

Nr. 126

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, er gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga	3 300
2. Fyrir tilkynningu um skráningu firma	1 250
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	1 250
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélagi, samvinnufélagi eða firma (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	1 250
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	300
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	1 600
7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	300
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	200
9. Fyrir innköllun	1 600
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	700
11. Fyrir ógildingarstefnu	3 000
12. Fyrir dómsbirtingu	3 000
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	1 000

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 150 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsingar, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 10. apríl 1989. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um gjald fyrir tilkynningar o.fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, nr. 197 12. maí 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. mars 1989.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

14. mars 1989

Nr. 127

AUGLÝSING

um niðurfellingu samþykktar um afgreiðslutíma verslana á Sauðárkróki.

Hinn 21. febrúar 1989 samþykkti bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar að fella úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Sauðárkróki, sem upphaflega var sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17/1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, og félagsmálaráðuneytið staðfesti hinn 6. apríl 1987.